




Reykjavík, 6. janúar 2026
USK25090239

Sjafnargata 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. janúar 2026 var lögð fram fyrirspurn Helga Indriðasonar, dags. 16. september 2025, um að setja svalir á suðurhlíð 3. hæðar hússins á lóð nr. 9 við Sjafnargötu, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta, dags. 16. september 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd



Útlit

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Sjafnargötu 9 borgarhluta 2 og er hluti af íbúðarsvæði ÍB12.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi.



Umsögn

Húsið við Sjafnargötu 9 er byggt árið 1942. Húsið var upphaflega teiknað af Guðmundi Guðjónssyni, arkitekt. Árið 1976 teiknaði Sigurpór Aðalsteinsson, arkitekt stækkun og breytingar á húsinu. Samkvæmt aðalskipulagi er Sjafnargata 9 á íbúðarsvæði (ÍB12).

Í aðalskipulaginu er svæðið innan Hringbrautar sérstakt hverfisverndarsvæði þar sem markmið er m.a að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni byggðar.



Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi hugmynd um að útbúa svalir á 3 hæð suðurhliðar. Svalirnar taka mið af breidd svala á neðri hæð og eru úr gleri með álhandlista. Áætluð stærð svala er um 1,6 m². Rennihurð kemur í stað glugga en núverandi stærðir og hlutföll haldast óbreytt til að halda takti gluggasetningar í útliti.



Útlit og snið tillögu

Við uppsetningu nýrra svala á eldri hús þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Svalir og breytingar á þeim skulu vera í takti við ríkjandi byggðarmynstur og byggingarstíl hússins.
- Svalir skulu falla vel að byggingarstíl hússins og ekki til þess fallnar að raska heildaryfirbragði byggingar og sérkennum. Form svala skal taka mið af aldri og byggingarstíl hússins.
- Staðsetning svala á eldri byggingum skal taka mið af ríkjandi línum og uppröðun glugga.
- Við ákvörðun á stærð svala skal taka tillit til hlutfalla hússins, s.s dýpt, hæð, breidd.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í fyrirspurn um að útbúa svalir á 3 hæð suðurhliðar þar sem að svalir ganga alveg fram í þakbrún og hafa því veruleg sjónræn áhrif á heildarmynd hússins.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku



Reykjavík



tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sindri Þórhallsson



Reykjavík